

GJALDSKRÁ

fyrir mat á umsóknum um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðn hér á landi.

1. gr.

Umsækjandi um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðngrein á grundvelli reglugerðar um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðn hér á landi, nr. 585/2011, skal greiða háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti gjald skv. 3. mgr. 8. gr. laga um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010.

Gjaldið nemur 10.000 kr. og er ætlað að mæta kostnaði við yfirferð, vinnslu og afgreiðslu umsóknar, auk annarrar umsýslu.

Gjaldið greiðist á umsóknarvef ENIC NARIC skrifstofunnar áður en vinna við afgreiðslu umsóknar hefst.

Kjósi umsækjandi að draga umsókn sína til baka eða fyrir liggur synjun umsóknar um viðurkenningu er gjaldið óafturkræft.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 8. gr. laga um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, og öðlast gildi 1. janúar 2025.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. nóvember 2024.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Ásdís Halla Bragadóttir.